

getur stöðu sjóðsins svo hann fullnægi ekki lágmarkskröfum, samkvæmt samningi milli ASÍ og VSÍ um lífeyrismál, 12. desember 1995, með síðari breytingum, skal vísað frá ársfundi. Tillögurnar skulu liggja frammi á skrifstofu sjóðsins í tvær vikur fyrir ársfund og það auglýst þannig, að sjóðfélögum gefist kostur á að koma að athugasemdum á ársfundi.

- 22.2. Tillaga að breytingum á ákvæðum sem teljast efni kjarasamninga, s.s. um iðgjöld og stjórnskipan sjóðsins, þ.m.t. ákvæði um hlutverk og skipan fulltrúaráðs og stjórnar, verða einungis teknar fyrir á ársfundi, að fengnu samþykki aðildarfélaga viðkomandi lífeyrissjóðs.
- 22.3. Reglugerðarbreytingar taka því aðeins gildi, að þær hljóti samþykki a.m.k. 2/3 hluta fulltrúa í fulltrúaráði á ársfundi og hafi hlotið staðfestingu fjármálaráðuneytisins.

23. Gildistaka.

- 23.1. Reglugerð þessi kemur í stað reglugerðar þeirrar, sem gilt hefur frá 1. janúar 1994 og gildir frá 1. janúar 1997.

Með tilvísun til laga nr. 55/1980 staðfestist reglugerð þessi hér með.

Fjármálaráðuneytinu, 3. janúar 1997.

F. h. r.

Áslaug Guðjónsdóttir.

Margrét Gunnlaugsdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu á Eskifirði árið 1997.

1. gr.

Bæjarstjórn Eskifjarðar er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) árið 1997 sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

Sorphreinsunargjald 4.500 kr. á hvert ílát.

Sorpeyðingargjald 3.500 kr. á hvert ílát.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af bæjarstjórn Eskifjarðar, er hér með staðfest samkvæmt 18. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum til að gilda fyrir árið 1997.

Umhverfissráðuneytinu, 6. janúar 1997.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.